

AUGLÝSING
um staðfestingu á stjórnunar- og verndaráætlun náttúruvættisins
Goðafoss í Þingeyjarsveit.

Samkvæmt 3. mgr. 81. gr. laga um náttúruvernd, nr. 60/2013, hefur umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra staðfest stjórnunar- og verndaráætlun fyrir náttúruvættið Goðafoss í Þingeyjarsveit. Einnig hefur ráðherra staðfest eftirfarandi reglu um dvöl og umferð sem sett hefur verið fram í stjórnunar- og verndaráætluninni í samræmi við 2. mgr. 81. gr. laga nr. 60/2013:

Afla skal leyfis Umhverfisstofnunar vegna skipulagðra viðburða og verkefna sem kalla á aðstöðu, mannafla eða meðferð tækja innan verndarsvæðisins, s.s. vegna kvikmyndagerðar, listviðburða og samkomuhalds. Umhverfisstofnun er heimilt að setja skilyrði þegar slík leyfi eru veitt.

Stjórnunar- og verndaráætlunin öðlast þegar gildi.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, 12. apríl 2023.

Guðlaugur Þór Þórðarson.

Stefán Guðmundsson.